

61

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nív. 1915.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. í lögum nr. 61 3. nív. 1915 orðist svo:

Dýralæknar skulu fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðinga-
fjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi, fimmti í Austfirðingafjórðungi. At-
vinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.

62

19. júní

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðsins „refarækt“ í fyrirsögn laganna og í fyrirsögn II. kafla þeirra komi: loðdýrarækt.

2. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarþú eða annað loðdýraræktar-